



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2026
SFS26050077

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 2.7.2026 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Breyting á rekstri móttökudeildar vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 26. júní 2026, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðsstjóra sviðsins að færa móttökudeild, sem áður kallaðist stoðdeild Birtu, undir Breiðagerðisskóla, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir og Haukur Þór Haraldsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 26. júní 2026
SFS26050077

Borgarráð

Breyting á rekstri móttökudeildar vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd

Óskað er eftir að heimila sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að færa móttökudeild, sem áður kallaðist stoðdeild Birtu, verði færð alfarið undir Breiðagerðisskóla þar sem starfsemin verður tvískipt. Annars vegar verði starfrækt móttökudeild sem sér um móttöku, stuðning og áfallamiðað kennslu fyrir nemendur, bæði sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd sem og þeirra sem hafa hlotið stöðu flóttafólks. Hins vegar væri lögð áhersla á að styrkja almennt grunnskóla- og frístundastarf við að taka á móti, styðja við og vinna með börnum með áfallasögu. Kennsla fyrir nemendur í 1.-7. bekk sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fer fram í sér aðstöðu við Breiðagerðisskóla og kennsla fyrir nemendur í 8.-10. bekk sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fer fram í sérstakri kennslustofu við Réttarholtsskóla. Starfsmenn deildarinnar eru á ábyrgð Breiðagerðisskóla. Breytingin tók gildi 1. ágúst 2026.

Málið kemur beint til afgreiðslu borgarráðs vegna sumarleyfis skóla- og frístundaráðs.

Greinargerð

Í skóla- og frístundaráði þann 27. maí 2024 og í borgarráði þann 6. júní 2024 var samþykkt að setja á laggirnar stoðdeild fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fyrir börn í 1.- 5. bekk, staðsett í Breiðagerðisskóla og stoðdeild Birtu við Seljaskóla fyrir börn í 6.-10. bekk. Breytingin tók gildi 1. ágúst 2024.

Haustið 2024 dró verulega úr fjölda barna í 1.- 10. bekk sem voru umsækjendur um alþjóðlega vernd en það sem af er skólaárinu 2025-2026 hafa verið alls 23 nemendur. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er gert ráð fyrir samskonar fjölda barna skólaveturinn 2026-2027. Á vorönn 2025 var samþykkt í framkvæmdarstjórn skóla- og frístundasviðs að útvíkka starfsemi móttökudeildanna þar sem börn með litla eða enga skólagöngu að baki var boðið tímabundin skólavist í móttökudeildunum.

Í ljósi þess að umsóknum vegna barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd hefur dregist saman á undanförunum árum er þörf á endurskipulagningu á rekstri móttökudeildanna. Að hluta til eru deildirnar fjármagnaðar af þeim tekjum sem koma frá Vinnumálastofnun vegna barna sem eru umsækjendur og að hluta til í gegnum stofnkostnað við rekstur deildanna.

Hlutverk móttökudeildar verður að þjónusta nemendur í 1.-10 bekk og verður starfsemin tvískipt. Annars vegar móttaka, stuðningur og áfallamiðuð kennsla fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd þar sem nemendur í 1.-7. bekk myndu sækja nám við Breiðagerðisskóla



og nemendur í 8.-10. bekk yrðu staðsett í Réttarholtsskóla. Hins vegar væri lögð áhersla á að styðja og styrkja almenna grunnskóla- og frístundastaf við að taka á á móti, styðja við og vinna með börnum með stöðu flóttafólks og mikla áfallasögu við almenna grunnskóla. Starfsemin mun falla undir Breiðagerðisskóla.

Umsagnir skólaráða Breiðagerðisskóla, Réttarholtsskóla og Seljaskóla liggja fyrir.

Fjárhagsleg áhrif breytinga eru þau að það fækkar um eitt stöðugildi í móttökudeildinni.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

22.maí 2026

Reykjavík

Umsögn skólaráðs Seljaskóla vegna minnisblaðs um móttökudeild vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd í Breiðagerðisskóla.

Skólaráð Seljaskóla hefur verið upplýst um breytingar sem sviðsstjóri skóla – og frístundasviðs leggur til um að móttökudeild, sem áður kallaðist stoðdeild Birtu, verði færð alfarið undir Breiðagerðisskóla.

Skólaráði Seljaskóla hafa verið kynntar ástæður þessara breytinga og skilur þörf á endurskipulagningu á rekstri móttökudeildanna. Meðal annars vegna fækkunar nemenda í leit að alþjóðlegri vernd, en líka til þess að nýting á úrræðinu verði betri og þjóni víðtækara hlutverki.

Skólaráð vill taka fram að vel hafi farið á með móttökudeild í skólanum við skólasamfélag Seljaskóla og þakkar gott samstarf og vonar að skipulagsbreytingin verði fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þjónustunotendur, bæði börnin og starfsfólk í öðrum skólum og frístundastarfi sem fá aukinn stuðning og fræðslu miðað við breytingarnar sem boðaðar eru.

Skólaráð vill leggja áherslu á að sá mannauður sem hafi verið að störfum við deildina sé dýrmætur og að sú reynsla og þekking sem hefur skapast sé mikilvæg. Það sé því ánægjulegt að haldið verði áfram að vinna gott starf í þágu nemenda, bæði þeirra sem eru í leit að alþjóðlegri vernd en einnig þeirra af erlendum uppruna sem þurfi sérstakan stuðning. Þá sé enn fremur mikilvægt að veita faglega ráðgjöf inn í aðra grunnskóla og inn í frístundastarf eins og stendur til.

Fyrir hönd skólaráðs Seljaskóla

Jóhanna Héðinsdóttir

Jóhanna Héðinsdóttir,

skólastjóri Seljaskóla.





28.05.2026

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
bt. Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og
Arndís Steinþórsdóttir deildarstjóri grunnskóladeildar
skóla og frístundasviðs
Heimilisfang: Borgartún 12 - 14
Reykjavík

Breiðagerðisskóli
Breiðagerði 20
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að móttökudeild nemenda á grunnskólaaldri vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd verði alfarið færð undir Breiðagerðisskóla og að starfsemin verði tvískipt. Í tvískiptingunni felst móttaka, stuðningur og áfallamiðuð kennsla fyrir nemendur sem hafa sótt um alþjóðlega vernd og þeirra sem hafa hlotið stöðu flóttafólks. Kennsla fyrir 1. – 7. bekk mun fara fram í Breiðagerðisskóla en kennsla nemenda í 8. – 10. bekk fer fram í Réttarholtsskóla.

Í tvískiptingunni felst einnig ráðgjöf og stuðningur við almenna grunnskóla og frístundastarf við að taka á móti, styðja við og vinna með börnum með áfallasögu.

Umsögn: Skólaráð Breiðagerðisskóla gerir ekki athugasemd við að kennsla fyrir nemendur móttökudeildar í 1. – 7. bekk fari fram í Breiðagerðisskóla enda er öll aðstaða í skólanum miðuð við þann aldur. Ráðið telur það skynsamlega ráðstöfun að aðgreina kennslu nemenda á yngri stigi og unglingastigi.

Skólaráð Breiðagerðisskóla telur mikilvægt að skólanum sé tryggt nægt fjármagn bæði til undirbúnings og rekstur deildarinnar þannig að tilkoma hennar verði ekki íþyngjandi fyrir rekstur Breiðagerðisskóla né starfsemi hans. Hér er verið að vísa til fjárhags, mönnunar og aðstöðu.

Fyrir hönd skólaráðs Breiðagerðisskóla

Þorkell Daníel Jónsson
Skólastjóri Breiðagerðisskóla

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

Skólaráðsfundur þriðjudaginn 23. júní kl. 11:00 á Teams

Mættir: Margrét Sigfúsdóttir, Sólveig Gyða Jónsdóttir, Erla Gunnarsdóttir, Guðrún Johnsen og Bryndís Haraldsdóttir.

Efni: Umsögn um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að móttökudeild nemenda á grunnskólaaldri vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd verði alfarið færð undir Breiðagerðisskóla og að starfsemin verði tvískipt. Í tvískiptingunni felst móttaka, stuðningur og áfallamiðuð kennsla fyrir nemendur sem hafa sótt um alþjóðlega vernd og þeirra sem hafa hlotið stöðu flóttafólks. Kennsla fyrir 1. – 7. bekk mun fara fram í Breiðagerðisskóla en kennsla nemenda í 8. – 10. bekk fer fram í Réttarholtsskóla. Í tvískiptingunni felst einnig ráðgjöf og stuðningur við almenna grunnskóla og frístundastarf við að taka á móti, styðja við og vinna með börnum með áfallasögu.

Umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla: Skólaráð Réttarholtsskóla gerir ekki athugasemd við að kennsla nemenda í 8. – 10. bekk úr móttökudeild Birtu fari að hluta til fram í Réttarholtsskóla. Þó telur skólaráð Réttarholtsskóla mikilvægt að nemendum fylgi ávallt starfsmaður sem styður við nám og utanumhald. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að húsnæði skólans er hamlandi vegna stærðar, framkvæmda og nemendafjölda. Þess ber að geta að undanfarin ár hefur skólinn þurft að hafna nemendum sem hafa lögheimili utan skólahverfis vegna nemendafjölda.